

EFNISTAKA Í LANDI SKÚTA, HÖRGÁRSVEIT

Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á landslag verði talsvert neikvæð og varanleg þar sem nokkuð stóru svæði er einkennist af ávölum klapparholtum og lyngmóum verður raskað. Starfseminni getur fylgt ónæði fyrir nærliggjandi bæi og frístundabyggð, en hávaði verði þó langt undir viðmiðum reglugerðar um hávaða og því verði áhrif á hljóðvist óveruleg.

Áhrif á fugla verða óveruleg, en áhrif á jarðmyndanir og gróður verða nokkuð neikvæð. Áhrif á menningarminjar samkvæmt kosti I verða óveruleg en samkvæmt kosti II nokkuð neikvæð.

Við leyfisveitingar skal leggja áherslu á að frágangur efnistökusvæða verði tryggður og að námuvinnslan mengi ekki læki í nágrenni framkvæmdasvæðisins, hvorki af gruggi eða olíu frá vinnuvélum.



Efnisyfirlit

1	INNGANGUR.....	3
1.1	Athugun Skipulagsstofnunar	3
1.2	Gögn lögð fram við athugun Skipulagsstofnunar	3
1.3	Framkvæmd og markmið.....	3
2	NÍÐURSTAÐA UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM	6
2.1	Vægiseinkunnir.....	6
2.2	Áhrif á menn og samfélag	6
2.2.1	Hljóðvist og sandfok	6
2.2.2	Sjónræn áhrif	7
2.3	Áhrif á menningarminjar	7
2.4	Áhrif á gróður og dýralíf	8
2.4.1	Áhrif á gróður.....	8
2.4.2	Áhrif á fugla	8
2.5	Áhrif á jarðmyndanir	8
2.6	Áhrif á vatnafar.....	8
2.7	Staða skipulags og leyfisveitinga	9
3	NÍÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR.....	9



1 INNGANGUR

1.1 ATHUGUN SKIPULAGSSTOFNUNAR

Þann 19. mars 2013 sendi UMÍS ehf. Environice f.h. Skútabergrs ehf., frummatsskýrslu um efnistöku í landi Skúta og Moldhauga í Hörgársveit til athugunar hjá Skipulagsstofnun, samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Framkvæmdin og frummatsskýrslan voru auglýst opinberlega þann 26. mars 2013 í Lögbirtingablaðinu og Fréttablaðinu. Frummatsskýrsla lá frammi til kynningar frá 27. mars til 8. maí 2013 á skrifstofu Hörgársveitar, í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan var einnig aðgengileg á Netinu: www.environice.is. Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Hörgársveitar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar. Á kynningartíma barst Skipulagsstofnun ein athugasemd. Skipulagsstofnun sendi umsagnirnar og athugasemdirna til Environice.

Þann 5. júní 2013 sendi Environice f.h. Skútabergrs ehf. matsskýrslu um efnistöku í landi Skúta og Moldhauga í Hörgársveit til Skipulagsstofnunar og óskað eftir álitni stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Við undirbúning þessa álits var farið á vettvang á fyrirhugað framkvæmdasvæði.

1.2 GÖGN LÖGÐ FRAM VIÐ ATHUGUN SKIPULAGSSTOFNUNAR

Frummatsskýrsla. Skútar Hörgársveit. Efnistaka. Mars 2013.

Umsagnir bárust frá:

- Hörgársveit með bréfi dags. 23. apríl 2013.
- Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með tölvupósti dags. 19. apríl 2013.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 16. apríl 2013.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 15. apríl 2013.

Athugasemdir bárust frá:

Ein athugasemd barst á kynningartíma

- Pétur Karlssyni með tölvupósti dags. 22. apríl 2013.

Matsskýrsla: Skútar Hörgársveit. Efnistaka. Júní 2013.

1.3 FRAMKVÆMD OG MARKMIÐ

Í matsskýrslu kemur fram að tilgangur með framkvæmdinni sé að halda áfram efnistöku úr gamalli námu í landi Moldhauga, sem liggja inn í land Skúta í Hörgársveit. Fram til þessa hafa eigendur Skútabergrs ehf. verið með efnistöku í Krossanesi á Akureyri. Sú náma muni vart endast nema 1-2 ár til viðbótar og því ljóst að finna þurfi nýjan efnistökuastað, sem geti uppfyllt efnistöku á Eyjafjarðarsvæðinu. Markmið framkvæmdaraðila sé að bjóða gott efni til framkvæmda á Eyjafjarðarsvæðinu úr efnistökusvæði sem hafi tilskilin rekstrarleyfi og þyki hagkvæmt. Skipulag efnistöku á svæðinu sé unnið með það að markmiði að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfi og að efnistökusvæðið falli sem best að náttúrulegu umhverfi að efnistöku lokinni. Fyrirhugað efnistökusvæði á Moldhaugahálsi sé talið ákjósanlegt þar sem bergið á svæðinu uppfylli kröfur varðandi fyrirhugaða vinnslu og sé í um 10 km fjarlægð frá miðbæ Akureyrar.

Fram kemur að fyrirhugað efnistökusvæði sé í landi Skúta og Moldhauga í Hörgársveit, í norðanverðum enda Moldhaugaháls sem aðskilji Hörgárdal og Kræklingahlíð við Eyjafjörð. Fram kemur að hluta af svæðinu hafi þegar verið raskað og þar hafi farið fram rannsóknir á gæðum bergs. Aðkoma inn á svæðið sé frá Hringvegi í landi Moldhauga og hafi Vegagerðin

veitt bráðabirgðaleyfi fyrir tengingu við þjóðveg 1 en breyta þurfi aðkomunni samkvæmt fyrirbyggjandi tillögum Vegagerðarinnar, leggja vegi og vegslóða um námusvæðið svo og breyta heimreið að Skútum.

Fram kemur að stefnt sé að því að úr námunni komi stórgrýti og malað efni eftir aðstæðum og eftirspurn. Vinnslu verði fram haldið um leið og framkvæmdaleyfi fæst og sé áætlað að efnistaka og vinnsla efnis geti staðið yfir í 100 ár, miðað við kost II og þær forsendur sem liggja fyrir um jarðfræði svæðisins og meðaldýpt námunnar sem verði 18-20 m.

Efnistökkostir. Í matsskýrslu eru metin umhverfisáhrif tveggja kosta, auk samanburðarkosts sem felur í sér að engin efnistaka fari fram á svæðinu (núllkostur). Kostirnir eru:

Kostur I: Unnið verði efni í námunni að heildarmagni 5.000.000 m³ (fast berg) og verði vinnslutími næstu 50 árin.

Kostur II: Unnið verði efni í námunni að heildarmagni 10.000.000 m³ (fast berg) og verði vinnslutími næstu 100 árin.

Fram kemur að kostur I geri ráð fyrir að unnið verði um 5.000.000 m³ af efni úr námu á alls 17 ha svæði á næstu 50 árum. Miðað sé við að vinna allt efni innan þessa svæðis, niður á 18-20 metra dýpi að jafnaði. Framvinda efnistökkunnar ráði því hvort æskilegt sé að fara dýpra og í staðinn raska minna yfirborði. Slíkar breytingar, ef til þeirra komi, verði gerðar í samráði við skipulagsyfirlögd. Dýpst hafi verið borað niður á 34-35 metra í nýtanlegri klöpp, en ólíklegt sé að unnið verði niður á svo mikið dýpi nema á einstaka stað ef aðstæður leyfa. Erfitt sé að gera áætlanir um endanlega stærð og lögun svæðisins þar sem gæði og magn bergs sé að einhverju leyti óþekkt þrátt fyrir undirbúningsrannsóknir.

Fram kemur að kostur II geri ráð fyrir að unnið verði alls um 10.000.000 m³ af efni úr námunni á næstu 100 árum. Um sé að ræða sama svæði og í kosti I og stækkun til suðvesturs um 46 ha svo heildarefnistökusvæðið geti orðið 63 ha. Líkt og í kosti I sé miðað við að vinna allt efni sem sé innan þessa svæðis, niður á 18-20 metra dýpi.

Aðrir kostir. Í matsskýrslu kemur fram að verði efnistaka ekki á umræddu svæði megi ætla að framtíðareftirspurn eftir sambærilegu efni verði mætt með efnistöku á öðrum svæðum. Ekki liggja fyrir upplýsingar um sambærileg svæði í sömu, eða minni, fjarlægð frá Akureyri og því megi gera ráð fyrir að önnur námusvæði hafi í för með sér flutninga um lengri leið með tilheyrandi umhverfisáhrifum.

Tilhögun efnistökkunnar. Í matsskýrslu kemur fram að rannsóknir á jarðlögum gefi til kynna að ekki verði unnt að opna námuna þröngt og víkka hana svo út þegar innar sé komið. Því verði aðrar aðferðir notaðar til að minnka sýnileika námunnar eins og mögulegt sé. Í byrjun efnistöku á hverju svæði sé jarðvegur hreinsaður ofan af klöppinni í áföngum með gröfu og jarðýtu. Gert sé ráð fyrir að ofanafmokstur sé að jafnaði 0,7 m á þykkt og því sé áætlað að ofanafmokstur af 17 ha í kosti I sé u.þ.b. 120.000 m³. Ofanafmokstri af fyrsta svæði verði komið fyrir í haug og strax sáð túnvingli í hann til að hefta fok.

Þar sem bergið sé lagskipt verði náman stölluð niður og bergið flokkað eftir gæðum. Við grjótnám sem þetta þurfi að elta berglögin sem liggja á ákveðnu dýpi og því sé líklegt að dýpt námunnar verði breytileg. Bortæki sé notað til að bora niður á 18-20 m á hverjum stalli fyrir sig. Þá sé stálið sprengt fram og stórt grjót flokkað frá. Stærri grjótið sé notað í hafnarmannvirki en minna sé malað til annarra nota.

Aðstaða og starfsemi í námu. Fram kemur að grjótmulningsvélarnar gangi fyrir rafmagn frá dísilrafstöðvum. Fyrirhugað sé að leggja rafmagn á svæðið og verði dísilrafstöðvarnar þá nýttar sem varaafli. Vinnuaðstaða fyrir starfsfólk verði sett upp á svæðinu ásamt rotró sem tæmd eftir þörfum. Olíutankar verði staðsettir við þjónustuhús. Gert sé ráð fyrir að

efnisvinnsla og flutningar sveiflist eitthvað eftir árstíðum. Á sumrin sé efni mest nýtt til malbiksgerðar og klæðningar á vegum en á vetrum í hafnarframkvæmdir. Reikna megi með að starfsemi og efnisflutningar liggi niðri nokkra daga á vetrum en sé í hámarki í júní-ágúst.

Fram kemur að efnisflutningar frá efnistökusvæðinu verði um veg af efnistökusvæðinu inn á Hringveg. Gert sé ráð fyrir að meginmarkaðssvæði efnistökkunnar sé Eyjafjarðarsvæðið og því megi gera ráð fyrir efnisflutningum út og inn Eyjafjörðinn. Notaðir verða 27 tonna bílar og sé flutningsgeta hvers þeirra um 10 m³. Ef miðað sé við 20 vinnudaga á mánuði allt tímabilið, þá megi gera ráð fyrir 80-90 ferðum að jafnaði á dag til og frá svæðinu.

Lögð sé áhersla á að námunni sé skipt í vinnslusvæði, þar sem náman verði fullnýtt á hverju námasvæði og farið verði í frágang strax þegar viðkomandi námasvæði hafi verið fullnýtt. Með því móti sé hægt að draga úr sjónrænum áhrifum sem verði af efnisvinnslunni. Með góðu skipulagi á vinnslutíma, bæði varðandi hvar efni sé tekið og hvernig verði gengið frá ofanafmökstri, verði hægt að minnka sjónræn áhrif af efnisvinnslunni og auðvelda frágang að lokinni vinnslu á hverju námasvæði. Fram kemur að að lokinni efnistöku á hverju námasvæði verði land mótað á nýjan leik. Stálið verði stallað til að minnka sýnileika þess, frákasti sem verði til á námubotni vegna sprenginga verði haldið til haga og það nýtt ásamt öðru afgangsefni og ofanafmökstri til að búa til fláa til að jafna út stálið í lokin. Þar sem um sé að ræða áberandi kennileiti í landslagi verða þau látin halda sér og sprengt í kringum þau, s.s. Austari-Stóriklettur (Austari-Stóráklöpp) sem sé mikilvægt kennileiti og örnefni þar sem landamerkjalinur liggja um klöppina. Gert sé ráð fyrir fláa sem sé 1:1,25 og að við jaðra námunnar verði fláar felldir að halla landsins í kring. Þá sé mikilvægt að ekki myndist lægðir neðan við stálið þar sem vatn geti safnast fyrir. Gera megi ráð fyrir að efsti hluti klapparstálsins verði sýnilegur að frágangi loknum á einhverjum svæðum. Ekki sé ætlunin að fjarlægja vegslóða umhverfis landið að efnistöku lokinni nema á framkvæmdatíma komi fram óskir yfirvalda um slíkt. Þegar komi að lokafrágangi verði ofanafmöksturinn nýttur til landmótunar. Í matsskýrslu kemur fram að á svo löngum tíma geti þurft að aðlaga og hanna frágang í ljósi reynslunnar og eftir því sem efnistökunni vindi fram.

Í matsskýrslu er greint frá nokkrum leiðum til að daga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdatíma. Meðal annars verði fjölda tækja sem séu í námunni á hverjum tíma haldið í lágmarki og óheimilt verði að nýta námuna til geymslu á ónýtum vélum eða tengdum hlutum og byggt verði eitt þjónustuhús þar sem öll mengandi efni verði geymd. Þá verði vélar geymdar innandyra að hluta til og vinna við þær, s.s. olúskipti og annað viðhald fari fram innandyra. Allur laus úrgangur verði fjarlægður eins fljótt og auðið sé og tryggt verði að mengandi efni berist ekki í jarðveg og jafnframt að úrgangur verði ekki látinn liggja í námunni, svo að ekki hljóttist af sjón- eða efnamengun.

Landnotkun. Fram kemur að svæðið sem um ræði hafi verið nýtt til landbúnaðar sem úthagi fyrir búsmala á Skútum og aðliggjandi jörðum, þar sem um ógirt land sé að ræða. Rétt utan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis sé Þórustaðarétt. Nokkrar gamlar námur séu í jökulruðningnum fram við brekkurótina, ofan og austan Þórustaðaréttar. Frístundabyggð sé á Sílastöðum í um 3 km fjarlægð frá námusvæði, og skógrækt sé á jörðinni Moldhaugum í um 400-500 m fjarlægð. Næsta íbúðarhús sé á Moldhaugum í um 3 km fjarlægð. Þá sé fyrirhuguð ferðaþjónusta í víkingaskála á Moldhaugum í tæpra 3ja km fjarlægð. Ekki sé gert ráð fyrir breyttri landnotkun á efnistökusvæði eftir að efnistöku lýkur en slíkar breytingar séu þá háðar breytingum á aðalskipulagi.

2 NIÐURSTAÐA UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

2.1 VÆGISEINKUNNIR

Í matsskýrslu framkvæmdaraðila hefur verið lagt mat á áhrif framkvæmda á tiltekna umhverfisþætti. Skipulagsstofnun gaf út leiðbeiningar árið 2005 um flokkun umhverfisþátta, viðmið einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Þar er greint frá vægi áhrifa með vægiseinkunnum, þar sem neikvæðasta vægiseinkunnin er verulega neikvæð, þá talsvert neikvæð, síðan óveruleg, síðar talsvert jákvæð og að lokum eru mestu jákvæðu áhrifin metin sem verulega jákvæð. Í þessu áliti notar Skipulagsstofnun að mestu leiti vægi áhrifa með vægiseinkunnum á sama hátt og gert er í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar frá 2005 sem uppfærðar voru 2012, um flokkun umhverfisþátta, viðmið einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Stofnunin vinnur að endurskoðun þessara leiðbeininga og í ljósi reynslunnar telur stofnunin að í mörgum tilfellum þurfi að lýsa vægi áhrifa með vægiseinkun sem stofnunin kallar nokkuð neikvæð eða nokkuð jákvæð sem væri þá millstig á milli talsvert neikvæðra/jákvæðra áhrifa og óverulegra áhrifa. Hér væri þá yfirleitt um að ræða staðbundin áhrif sem næðu ekki yfir umfangsmikið svæði og áhrifasvæðið nyti ekki verndar eða væri á annan hátt viðkvæmt fyrir breytingum, en áhrifin gætu verið varanleg og óafturkræf. Skipulagsstofnun notar hér hugtakið nokkuð neikvæð við mat á áhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar á umhverfið.

2.2 ÁHRIF Á MENN OG SAMFÉLAG

2.2.1 Hljóðvist og sandfok

Í matsskýrslu kemur fram að efnistökkunni fylgi hávaði vegna sprenginga, mólunar og flutninga. Vinnslusvæðið sé í 3 km fjarlægð frá bæjum og frístundabyggð á Sílastöðum en 2 km frá sumarhúsi á Stórhæð. Hávaðamengunar muni því ekki gæta þar frá vinnslunni nema vegna sprenginga en þó langt undir viðmiðunarmörkum reglugerðar um hávaða nr. 724/2008. Hávaði vegna efnisflutninga kunnir að trufla ábúendur í nágrenni og íbúa í frístundabyggð en hlutfall flutningabíla af heildarumferð á Hringvegi verði svo lágt að þess gæti ekki hvað varðar hljóðvist.

Í matsskýrslu kemur fram að hætta á foki úr námunni sé einkum þegar lausum jarðefnum sé rutt ofan af bergi sem á að sprengja. Áhrifin verði fyrst og fremst staðbundin, stefnt sé að því að sá strax í hauga af lausum jarðefnum til að lágmarka hættu á foki, bundið slitlag verði á aðkomuvegi og rykský vökvuð niður.

Fram kemur að Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra hafi borist ábendingar um rykský frá efnistökusvæðinu og vegna umgengni um svæðið og vakin athygli á starfsleyfis skyldu.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að þegar sótt verði um starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra verði markvisst tekið á þeim þáttum sem heilbrigðiseftirlitið bendir á í umsögn sinni.

Framkvæmdaraðili telur að áhrif á hljóðvist og af sandfoki verði tímabundin og neikvæð en staðbundin og afturkræf. Vegna fjarlægðar frá híbýlum fólks verði áhrif af sandfoki einkum sjónræn. Áhrif á hljóðvist og af sandfoki eru metin óveruleg að teknu tilliti til mótvægisáðgerða.

Skipulagsstofnun telur að starfseminni geti fylgt ónæði fyrir nærliggjandi bæi og frístundabyggð, hávaði verði þó langt undir viðmiðum reglugerðar um hávaða og því verði áhrif á hljóðvist óveruleg og það sama eigi við um áhrif af sandfoki.

2.2.2 Sjónræn áhrif

Í matsskýrslu kemur fram að landslag á svæðinu teljist einkennalítið. Framkvæmdasvæðið sé sýnilegt víða að og hafi því áhrif á marga. Svæðið muni sjást frá Hringvegi á um 1,5 km leið frá Grjótgarði að Stórhæð, auk þess sem það blasi við íbúum og vegfarendum er koma úr norðri, úr Hörgárdal og utan með Eyjafirði. Þá sé Moldhaugaháls nokkuð áberandi kennileiti séð handan Eyjafjarðar, allt frá Víkurskarði og út með firðinum. Staðsetning námunnar fjarri mannabyggð minnki vægi sjónrænna áhrifa þar sem vegsýn frá Hringvegi sé takmörkuð og sýnileikinn frá Ólafsfjarðarvegi og austan Eyjafjarðar sé úr talsverðri fjarlægð.

Fram kemur að fyrirhuguð áfangaskipting efnistöku úr námunni muni lágmarka sjónræn áhrif eins og kostur er, þar sem einungis hluti námunnar verði opinn á hverjum tíma og þegar sá hluti hefur verið fullnýttur verði unnið að frágangi hans samhliða opnun næsta hluta námunnar. Ljóst sé að framkvæmdin muni ná yfir langt tímabil, þannig að sjónræn áhrif verða langvarandi. Bent er á að núverandi efnistaka á svæðinu hafi þegar haft áhrif á landslag og sjónræn áhrif.

Í umsögnum Umhverfisstofnunar kemur fram að kanna eigi hvort unnt sé að skilja eftir staka kletta eða samfellda hryggi við jaðra námunnar tímabundið eða varanlega, ef það mætti verða til að draga úr sjónrænum áhrifum.

Framkvæmdaraðili bendir á að þar sem náman verði djúp á köflum geti skapast mikil slyshætta ef skildir verða eftir stakir klettur og samfelldir hryggir við jaðra námunnar og ógerlegt sé að kortleggja nákvæmlega fyrirfram hvort gerlegt verði að skilja eftir kletta eða hryggi að einhverju leyti.

Í umsögn Hörgársveitar er bent á að mikilvægt sé að samráð sé haft við sveitarfélagið um frágang.

Framkvæmdaraðili gerir ráð fyrir að samráð sé haft við sveitarfélagið um frágang á hverju námasvæði fyrir sig og um lokafrágang.

Framkvæmdaraðili telur að þar sem mikið efni verði tekið úr Moldhaugahálsi verði áhrif á landslag og sjónræna þætti talsvert neikvæð og varanleg séð frá Hringvegi, úr Hörgárdal og utan með Eyjafirði. Mótvægisáðgerðir muni milda neikvæð áhrif að einhverju leyti, þannig að svæðið falli sem best að svæðum í nágrenninu.

Skipulagsstofnun telur að sjónræn áhrif vegna breytinga á landslagi og vegna uppgræðslu verði bæði á vinnslutíma og að honum loknum. Á vinnslutíma verði sjónræn áhrif framkvæmdarinnar þó ekki minnst vegna áberandi efnishauga, er hafa annan lit en umhverfið og alla jafnan skarpar útlínur svo og vegna fjölda vinnuvéla. Rykský kunna einnig að hafa sjónræn áhrif. Engin sérstæð landform eru á framkvæmdasvæðinu en líklegt sé að lokinni vinnslu verði stallar áberandi þar sem flái framan við 50-100 m hátt bergstál verði brattur. Einnig verður gróðurfar á röskuðu svæði ólíkt því sem er í nágrenninu þar sem sáð verði grasfræi og langan tíma taki náttúrulegan gróður að ná yfirhöndinni. Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á landslag verði talsverð neikvæð og varanleg þar sem stóru svæði (17 ha skv. kosti I og um 63 ha skv. kosti II) er einkennist af ávölum klapparholtum og lyngmóum verður raskað. Skipulagsstofnun tekur undir ábendingu Umhverfisstofnunar um að skoðað verði hvort ekki sé hægt að skilja eftir ávöl klapparholt eða hryggi sem draga úr innsýn á svæðið séð frá Hringvegi og unnið að öðrum mögulegum mótvægisáðgerðum, t.d. koma í veg fyrir myndun rykskýja og efnishaugar verði lágir með ávalar línur.

2.3 ÁHRIF Á MENNINGARMINJAR

Í matsskýrslu kemur fram að innan framkvæmdasvæðis í kosti I séu engar skráðar minjar. Innan svæðis í kosti II séu tvær minjar, Mjóalág, skilgreind sem heimild um leið og

Dagmálavarða sem er eyktarmark og munu þær eyðileggjast ef af framkvæmd verður. Minjastofnun Íslands bendir á að engar áþreifanlegar leifar hafi fundist um leiðina um Mjólulág og telur ekki þörf á að grípa til mótvægisáðgerða vegna fornleifa en minnir á 2. mgr. 24. gr. laga nr. 80/2012, um menningarminjar. Framkvæmdaraðili telur að áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar skv. kosti I verði engin en talsverð neikvæð samkvæmt kosti II.

Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar samkvæmt kosti I verði óveruleg en samkvæmt kosti II nokkuð neikvæð þar sem Dagmálavarða mun hverfa.

2.4 ÁHRIF Á GRÓÐUR OG DÝRALÍF

2.4.1 Áhrif á gróður

Í matsskýrslu kemur fram að engar sjaldgæfar plöntutegundir eða sérstök gróðursamfélög hafi fundist á framkvæmdasvæðinu og gróðurfar sambærilegt og víða um héraðið. Fjalldrapamóar með krækilyngi og beitleyngi og hallamýraflákar á milli en einnig hólar og melar með mela og þurrlandisgróðri. Áhrif framkvæmdarinnar séu talin bein, neikvæð, staðbundin og afturkræf. Verndargildi sé lítið þar sem ekki raskast gróðurfar sem þykir sérstætt eða einstakt á svæðis- eða landsvísu og heildaráhrif metin óveruleg.

Skipulagsstofnun telur að framkvæmdin muni hafa nokkuð neikvæð áhrif á gróður þar sem verulegur hluti gróins svæðis mun raskast á nokkuð stóru svæði, en ekki tapast sérstæð gróðurlendi eða tegundir á válista.

2.4.2 Áhrif á fugla

Í matsskýrslu kemur fram að fuglalíf á svæðinu sé í meðallagi fjölbreytt og sambærilegt og í nágrenni, engar tegundir á válista verpi innan svæðisins svo vitað sé og eru áhrif á fuglalíf talin verða staðbundin, afturkræf og metin óveruleg.

Skipulagsstofnun telur að áhrif á fuglalíf verði óveruleg þar sem ekki er kunnugt um að tegundir á válista verpi innan svæðisins og það í meðallagi fjölbreytt og sambærilegt og í nágrenninu.

2.5 ÁHRIF Á JARÐMYNDANIR

Í matsskýrslu kemur fram að á svæðinu sé 9-9,5 milljón ára gamall berggrunnur er samanstandi af allt að 18-20 m þykkum basalhraunlögum með þunnum rauð- eða brúnleitum millilögum. Klettaborgir svo sem Austari- og Vestari Stóraklöpp verði ekki raskað heldur sprengt umhverfis þær. Engar jarðmyndanir á svæðinu njóti verndar samkvæmt náttúrverndarlögum, verndargildi þeirra sé lítið og áhrif á þær staðbundin, neikvæð og varanleg og metin óveruleg.

Skipulagsstofnun telur að framkvæmdin muni ekki raska jarðmyndunum sem njóta verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd en ljóst að hún mun raska varanlega en staðbundið, jarðmyndunum á nokkuð stóru svæði og því verði áhrifin nokkuð neikvæð á jarðmyndanir.

2.6 ÁHRIF Á VATNAFAR

Í athugasemd Péturs Karlssonar var fundið að því að ekki væri tekið tillit til þess hvaða áhrif efnistakan muni hafa á vatn og aðgengi búpenings að lækjum. Bent sé á að Þórustaðalækur eigi upptök sín inni á fyrirhuguðu efnistökusvæði sem ásamt fleiri lækjarseyrum myndist af sigvatni. Í skýrslunni sé hvergi getið um hvaða áhrif efnistakan og umgengni við efnistöku muni hafa á grunnvatn í jörðu og læki og þá hvort lækir muni þorna og eða hvort rennsli í þá muni minnka eða farvegir breytast eða vatn jafnvel mengast af völdum framkvæmda.

Í matsskýrslu er athugasemd Péturs svarað. Þar kemur fram að ekki liggi fyrir rannsóknir á vatnafari á svæðinu en framkvæmda- og áhrifasvæði séu ekki innan skilgreindra vatnsverndarsvæða. Þegar náman sé unnin sé grunnvatn námusvæðisins óhjákvæmilega fært niður í námunni sjálfri. Votlendi sem raskist á svæðinu samkvæmt báðum kostum sé í mýrardrögum milli klappar hryggja og sé áætlað að það sé um 1 ha alls.

Fram kemur að Þórustaðalækur eigi upptök sín í svokallaðri Stóruhágg sem sé innan námasvæðis 3 og 4 í kosti I og námasvæði 3 í kosti II. Fram kemur að framkvæmdaraðili og landeigendur á svæðinu hafi fylgst með vatnafari á svæðinu undanfarin ár. Mikið leysingavatn komi niður á framkvæmdasvæðið á vorin sem sé breytilegt eftir tíðarfari. Efnistakan muni hafa áhrif á farvegi yfirborðsvatns en það muni áfram renna eftir sínum farvegum frá námasvæðinu og í Þórustaðalæk. Líklegt megi teljast að breytingar á grunnvatnsstöðu í námunni sjálfri og lækun yfirborðs hafi áhrif á sigvatn og því hugsanlegt að það leiti annað en í Stóruhágg. Við efnisvinnslu á svæðinu í miklum þurrkum geti myndast rykský sem þurfi að vökva niður og geti komið til þess að bora þurfi eftir vatni til þess til að leysa vatnsþörfina ef vökva þurfi niður rykský. Skolvatn af slíkri vökvun verði látið setjast í settjarnir til að hindra að litað vatn berist út í Þórustaðalækinn. Því sé ekki talin hætta á að Þórustaðalækurinn mengist vegna námuvinnslunnar umfram það sem gerist í leysingum.

Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að þess verði gætt að námuvinnslan mengi ekki læki í nágrenni framkvæmdasvæðisins, hvorki af gruggi eða olíu frá vinnuvélum. Jafnframt muni litlir votlendisblettir á milli klapparholta á vinnslusvæðinu hverfa þegar efnistöknunni vindur áfram. Efnistakan muni hafa áhrif á farvegi yfirborðsvatns ofan Þórustaðarlækjar en framboð vatns til lækjarins ætti ekki að breytast nema því verði veitt annað. Hvatt er til þess að þannig verði staðið að framkvæmdum að vatn á svæðinu muni eftir sem áður berast í lækinn.

2.7 STAÐA SKIPULAGS OG LEYFISVEITINGA

Varðandi stöðu skipulags og leyfisveitinga vegna framkvæmdarinnar bendir Skipulagsstofnun á eftirfarandi:

- Framkvæmdin samkvæmt kosti I er í samræmi við Aðalskipulag Hörgárbyggðar 2006-2026. Framkvæmd samkvæmt kosti II er háð breytingu á Aðalskipulag Hörgárbyggðar 2006-2026 og er breytingin háð mati á umhverfisáhrifum áætllana.
- Samþykkt deiliskipulag og umhverfisskýrsla þess þarf að liggja fyrir.
- Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Hörgárbyggðar skv. 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og framkvæmdaleyfisreglugerð nr. 772/2012.
- Framkvæmdin er háð leyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

3 NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 11. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og 24. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir matsskýrslu Skútabergrs ehf. sem lögð var fram samkvæmt 10. gr. sömu laga. Matsskýrsla Skútabergrs ehf. byggði á auglýstri frummatsskýrslu, umsögnum og athugasemdum sem bárust á kynningartíma frummatsskýrslu og afstöðu Skútabergrs ehf. til þeirra.

Skipulagsstofnun telur að matsskýrsla Skútabergrs ehf. hafi uppfyllt skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum hvað varðar þau atriði sem getið er í 18. grein reglugerðar nr. 1123/2005. Einnig telur stofnunin að í matsskýrslu sé gerð grein fyrir

athugasemdum og umsögnum sem bárust á kynningartíma frummataskýrslu og þeim sé svarað á fullnægjandi hátt.

Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á landslag verði talsvert neikvæð og varanleg þar sem stóru svæði (17 ha skv. kosti I og um 63 ha skv. kosti II) er einkennist af ávölum klapparholtum og lyngmóum verður raskað. Skipulagsstofnun tekur undir ábendingu Umhverfisstofnunar um að skoðað verði hvort ekki sé hægt að skilja eftir ávöl klapparholt eða hryggi sem dragi úr innsýn á efnistökusvæðið séð frá Hringvegi og unnið verði að öðrum mögulegum mótvægisáðgerðum, t.d. koma í veg fyrir myndun rykskýja og efnishaugar verði lágir með ávalar línur.

Skipulagsstofnun telur að starfseminni geti fylgt ónæði fyrir nærliggjandi bæi og frístundabyggð, s.s. vegna hávaði og sandfoks. Hávaði verði þó langt undir viðmiðum reglugerðar um hávaða og áhrif af sandfoki að mestu sjónræn og því verði áhrif á hljóðvist og af sandfoki óveruleg.

Fyrirhugað framkvæmda- og áhrifasvæði er hvorki á Náttúruvinnjaskrá eða tilgreint í Náttúruverndaráætlun. Nokkuð stórt svæði (17 ha skv. kosti I og um 63 ha skv. kosti II) mun raskast varanlega við framkvæmdarinnar og áhrif á jarðmyndanir verða nokkuð neikvæð, að mati Skipulagsstofnunar en engar jarðmyndanir á svæðinu njóta verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd.

Áhrif á gróður verða að mati Skipulagsstofnunar nokkuð neikvæð. Verulegur hluti svæðisins er gróinn en ekki tapast sérstæð gróðurlendi eða tegundir á válista.

Áhrif á fuglalíf verða að mati Skipulagsstofnunar óveruleg. Framkvæmdin mun raska takmörkuðu svæði þar sem fuglalíf er í meðallagi fjölbreytt, sambærilegt og í nágrenninu og ekki er kunnugt um að tegundir á válista verpi innan svæðisins.

Áhrif á menningarminjar verða óveruleg vegna kosts I en samkvæmt kosti II verða áhrifin nokkuð neikvæð, þar sem Dagmálavarda mun hverfa.

Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að þess verði gætt að námuvinnslan mengi ekki læki í nágrenni framkvæmdasvæðisins, hvorki af gruggi eða olíu frá vinnuvélum

Skipulagsstofnun bendir á að ef framkvæmdaraðili ákveður að breyta frá þeirri tilhögun sem kynnt var í matsskýrslu þarf að kanna hvort þær breytingar séu tilkynningaskyldar til Skipulagsstofnunar og eftir atvikum tilkynna þær til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu á grundvelli tl. 13a í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Ávallt þarf að skoða slíkt í hverju tilfelli fyrir sig hvort heldur breytingar snúa að staðsetningu, vinnslu eða öðru er framkvæmdin og starfsemin felur í sér.

Reykjavík, 3. júlí 2013.

Rut Kristinsdóttir

Sigmar Arnar Steingrímsson